

hefir orðið um upphæð skadabótanna og yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 20 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskadur. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Kristinn skipstjóri Magnússon stefnda Eyþóri kaupmanni Felixsyni 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 52/1898:

Kjartan Runólfsson
gegn

Guðbrandi Finnbogasen fyrir hönd W. Fischers verzlana í Hafnarfirði og Reykjavík og sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbús Ingunnar Einarsdóttur.

D ó m u r:

Hinn 10. nóv. 1893 fór fram uppskriftargjörð á dánarbúi ekkjunnar Ingunnar Einarsdóttur í Naustakoti, er látist hafði þá um haustið, en við uppskrift þessa fór hlutaðeigandi hreppstjóri, sem stóð fyrir gjörðinni, eftir skýrslu sona hinnar látnu, og lét óuppskrifaðar nokkrar skepnur, er á heim-

ilinu voru, en sem bræðurnar töldu sína og ann-
 ara eign. Hlutadeigandi skiftaráðandi, hinn stefudi
 sýslumaður, skipaði þá hreppstjóra með bréfi 18.
 desbr. s. á. að framkvæma nýja uppskriftargjörð,
 þar sem uppskrifaður skyldi allur fénaður, er á
 heimili Ingunnar sál. væri, og fór sú uppskrift
 fram 22. s. m., og skrifaði þá hreppstjóri upp sem
 búinu tilheyrandi, gegn mótmælum áfrýjanda, sem
 var viðstaddur, fyrteðarskepnur, er hann og bróð-
 ir hans eignuðu sér og öðrum mönnum, og voru
 þær virtar 344 kr. Áfrýjandinn virðist síðar hafa
 ráðstafað þessum skepnum, sem eigi voru seldar
 á uppboði, með öðrum eigum búins, en á skifta-
 fundi 22. okt. 1897 var þess krafist af umbods-
 mönnum verzlana þeirra í Reykjavík og Hafnar-
 firði, sem nú eru eign W. Fischers verzlunar, og
 sem áttu til skulda að telja í búíð, að nefndur
 fénaður, er áfrýjandi hafði tekið til sín, væri færð-
 ur inn í búíð sem þess eign, og úrskurdaði skifta-
 ráðandi nefndan dag samkvæmt þessum kröfum,
 að skepnur þessar, er uppskrifaðar höfðu verið
 22. desbr. 1893 og virtar á 344 kr., bæri að telja
 með eignum dánarbúsins og ráðstafa þannig.
 Krafðist skiftaráðandi þess síðan, samkvæmt þess-
 um úrskurði, að áfrýjandi skilaði virðingarverði
 fénaðarins inn í búíð, en áfrýjandi hefir skotið úr-
 skurðinum til yfirdómsins með stefnu dags. 22.
 nóv. f. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan
 málaflutningsmann, svo og uppreistarleyfi og leyfis-
 bréf til að leggja fram í málinu ný skjöl og sann-
 anir. Hefir áfrýjandi krafist þess fyrir yfirdóm-

inum, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og skiptaráðandi skyldaður til að taka búið fyrir aftur, þannig að umræddar skepnur, er virtar hafa verið á 344 kr., verði skoðaðar eignum búsinns óviðkomandi, og að stefndi Guðbrandur Finnbogasen fyrir hönd verzlana W. Fischers í Hafnarfirði og Reykjavík, eða til vara hinn stefndi skiftaráðandi fyrir hönd búsinns, verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málfutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns haus. Hinn stefndi skiftaráðandi hefir af búsinns hendi og Guðbrandar Finnbogasens krafist þess, að áfrýjandinn og óstefndur bróðir hans og ráðskona, er áfrýjandinn taldi eiga nokkrar af skepnunum, verði látin sanna eignarrétt sinn til skepnanna með eiði, og jafnframt hefir hann mótmælt málskostnaðarkröfu mótpartsins.

Hinn áfrýjaði úrskurður er bygður á því, að umræddur fénaður var tífundaður sem eign Ingunnar sál. Einarsdóttur, móður áfrýjanda, og að ekkert kom fram fyrir skiftaréttinum um eignarrétt annara en búsinns að þessum skepnum, nema skýrsla áfrýjanda sjálfs og bróður hans um þetta efni. Nú fyrir yfirdómi hafa verið lögð fram vottorð ýmsra manna um það, að áfrýjandi og bróðir hans og þeir menn aðrir, er áfrýjandi við uppskriftargjörðina 22. desbr. 1893 hélt fram að ættu hinn umþrætta fénað, hefðu átt skepnur í búi Ingunnar sál., þegar uppskriftin fór fram, og þar sem vottorð þessi hafa af stefnda hálfu hér fyrir rétt-

inum eigi verið rengd, og hinn mætti skiftaráðandi hefir kannast við, að skepnur þeirra bræðra muui hafa verið tíundaðar með skepnum móður þeirra, þá má telja það viðurkent í málinu, að þeir bræður og nokkrir aðrir menn hafi átt fénað í búi Ingunnar sál., en hitt er ósannað og eigi viðurkent, enda nokkuð ósennilegt, að allur sá fénaður, sem áfrýjandi hefir viljað eigna sér og öðrum og virtur var 344 kr., hafi verið búinu óviðkomandi, þar sem annars kom eigi til uppskriftar sem búsins eign nema 1 ær með lambi og 1 hryssa, en Ingunn sál. hafði 2 vinnumenn (áfrýjanda og bróður hans) og bústýru, sem hún galt kaup. Það þykir þó rétt eftir málavöxtum og með tilliti til kröfu hinna stefnu, að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði áfrýjanda, þannig, að ef hann treystir sér til að staðfesta með eiði skýrslu þá, er hann gaf við uppskriftargjörðina 22. desbr. 1893 um eignarheimildir að umræddum fénaði, sem þá var uppskrifaður, þá skuli nefndur fénaður vera búinu óviðkomandi og hinum áfrýjanda úrskurði breytt að þessu leyti, og málskostaður þá falla niður, og greiðist þá málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðst 20 kr., af almannafé; en treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna eiðinn, skal hinn áfrýjandi skiftaréttarúrskurður vera óraskaður og ber áfrýjanda þá að greiða hinum skipaða málsfærslumanni sínum málsfærslukaup 20 kr.

Að því leyti mál þetta hefir verið flutt með

gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefir verið lög-
mæt.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandinn Kjartan Runólfsson eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að skýrsla sú, er hann gaf við uppskriftargjörð 22. desbr. 1893 um eignarheimildir að fénaði, er framfleyttist á heimili móður hans, Ingunnar heitinnar Einarsdóttur, og sem virtur var 344 kr., sé sannleikanum samkvæm, þá skal skiftaréttarúrskurðinum 22. okt. 1897 breytt að því leyti, að nefndur fénaður skal vera dánarbúi Ingunnar heitinnar óviðkomandi, og málskostnaður þá falla niður, en málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr., greiðist af almannafé. En treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna svofeldan eið, skal skiftaréttarúrskurðurinn vera óraskaður og áfrýjandi skyldur að greiða greindum yfirréttarmálsfærslumanni málsfærslukaup hans, 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.